

## HEILSUGÆSLUNNI Í EFRA-BREIÐHOLTI LOKAÐ!!

Á fundi með starfsfólki Heilsugæslu Efra-Breiðholts í hádeginu 20.ágúst sl upplýsti yfirlæknir okkar og hjúkrunarforstjóri um að ákveðið hefði verið að loka heilsugæslustöðinni hér í Hraunbergi og stofna til stórrar heilsugæslustöðvar í Mjódd.

Okkur var tjáð að þetta væri gert í nafni sparnaðar og eflingar. Hve mikill sparnaður hlytist af þessu gátu þau ekki svarað enda ekki fengið svör við því hjá yfirstjórn Heilsugæslunnar. Varðandi eflingu var helst tínt til að koma mætti fyrir sérgreinaþjónustu innan slíkrar ofurstöðvar.

Fundur starfsmanna Heilsugæslunnar í Efra-Breiðholti í dag 24.08.2010 mótmælir harðlega fyrirhuguðum áformum um lokun stöðvarinnar og sameiningu við Heilsugæsluna í Mjódd.

Sú niðurstaða að slá saman þessum tveimur heilsugæslustöðvum teljum við veikja faglega starfsemi á svæðinu, skerða þjónustu við íbúa Efra-Breiðholts og vandséð hver sparnaðurinn yrði.

Á hinum Norðurlöndunum er lögð áhersla á smærri einingar í heilsugæslu og hefur það reynst vel.

Við tökum heilshugar undir yfirlýsingu starfsfólks heilsugæslunnar í Mjódd sem þér hefur verið send í dag.

Til viðbótar viljum við benda á eftirtalin atriði sem varða lokun stöðvarinnar í Efra-Breiðholti:

- Húsnæðið hér er sérhannað fyrir starfsemi heilsugæslustöðvar
- Rótgróin heilsugæslustöð (næstelsta stöðin í Reykjavík)
- Góður starfsandi og starfsánægja og lítil starfsmannavelta
- Starfsmenn hafa verið virkir í þróunarvinnu innan HH
- Almenn ánægja íbúa Efra-Breiðholts með Heilsugæslustöðina “sína”
- Fell, Hólar og Berg hafa á síðustu árum misst ýmiskonar þjónustu úr hverfinu
- Nálægð við stóru skólana Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Fjölbrautarskólann í Breiðholti og auk þess félagsmiðstöð eldri borgara í Gerðubergi

Við teljum að lokun heilsugæslustöðvarinnar sé klár skerðing á þjónustu við skjólstaðinga okkar og engar líkur á að heilsugæslustöð sem yrði með þeim stærstu sem þekkjast gæti bætt það tjón.

Virðingarfyllt

Fh. starfsfólks Heilsugæslustöðvarinnar í Efra-breiðholti

Þórarinn Ingólfsson heimilislæknir